



3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2020 - 2021 haldinn föstudaginn 15. jan. 2021 kl.12:00. Fundurinn er fjarfundur í Zoom.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Frosti Jónsson og Þorgerður Anna Arnardóttir. Fundinn sátu einnig Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara, Anna Sóley Stefánsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

- **Kosning formanns og varaformanns skólanefndar** (ný nefnd skipuð á þessu ári)
Núverandi nefnd er skipuð til 14. mars 2021. Engin mótframboð komu fram og því er óbreytt staða. Stefnt er á að síðasti fundur þessarar nefndar verði ekki rafrænn ef hægt er.
- **Fjármál skólans**
Nefndarmenn fengu sent yfirlit yfir fjármálin með fyrirvara um að einhverja liði á eftir að færa. Skólinn fékk viðbótarfjárheimild og hann er í góðum rekstri. Launalega séð stendur skólinn vel og skráist með skólum með hæstu laun ríkisrekinna framhaldsskóla. Rekstrarafgangur er einhver, ýmislegt hefur sparast á þessu ári sem skýrist af m.a. covid - 19 faraldrinum eins og t.d. pappírssparnaður, sendingakostnaður o.fl.
- **FG á tímum kórónuveirunnar**
Skólinn er kominn á fullt og gaman að fá nemendur inn í skólann aftur. Mismunandi skoðanir hjá nemendum hvort þeir eru hlyntari fjarnámi eða staðnámi. Erfitt að bera saman námsárangur í við fyrra skólaár þar sem aðstæður eru allt aðrar. Nemendur hafa bætt sig í fjarnámsaðferðum en andlega hliðin er ekki endilega góð þó nemendur geti staðið sig námslega. Haldið verður áfram að nýta þá tækni sem við höfum innleitt á síðustu mánuðum.
- **Stefnuskjal til næstu þriggja ára**
Skjalið inniheldur markmið stofnunarinnar og skila þarf inn endurnýjuðu á hverju ári.
- **Félagslíf nemenda**
Búið að skipuleggja önnina fram í maí miðað við eðlilegt ástand. Tvö böll bókun, vökunótt í samræmi við sóttvarnalög. Nemendur bíða eftir upplýsingum um hvort hægt verði að halda ball. Gettu betur liðið er komið í sjónvarpið og mun keppa við MR í næstu umferð. Morfís liðið er á leið til Akureyrar í keppni þar. Söngkeppni með MK – margar skráningar komnar nú þegar, það mun verða bein útsending frá henni. Imbrudagar verða ekki á þessari önn, vonumst eftir að geta haft þemadaga á vorönn. Jólakveðja nemenda til kennara með myndbandi var mjög skemmtilegt og flott framtak. Einnig var mikil ánægja með jólagjafir nemenda til starfsmanna skólans.
- **Önnur mál**
Flokkunarmynband í vinnslu með aðstoð nemenda.

Fundi slitið kl. 12:40

Fundarritari
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari